




**ROVER POMPE**

**CE**



**Notkunarleiðbeiningar**

## Kynning

Rafmagnsdæla: Sett saman úr þremur hlutum - mekanískum-, vökva- og rafmagnshluta. Markmið með þessum leiðbeiningum er að skýra reglur sem auka öryggi notenda og koma í veg fyrir skemmdir á umhverfi dælunnar.

Til að tryggja öryggi á vinnustað er mikilvægt að ganga úr skugga um að uppsetning, viðhald og notkun dælunnar sé rétt og taka tillit til vinnuumhverfisins. Vinnsalmeða lesið leiðbeiningarnar vandlega áður en dælan er sett upp. Uppsetning og vinna við dæluna verða að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem eru til staðar í því landi sem unnið er í.

## Aðvörun

Notendur sem ekki fylgja öryggisreglum skapa ekki eingöngu hættu fyrir fólk og valda skemmdum á dælunni, þeir fyrirgera einnig rétti sínum á ábyrgðarviðgerðum og þjónustu.

## Ryðfríar rafmagnsdælar af NOVAX gerð

Ryðfríu NOVAX dælurnar henta vel til að dæla fljótandi matvælum. Vökvahluti dælunnar er framleiddur úr sérstakri ryðfríri málmblöndu. Þess vegna getur ROVER POMPE gefið út vottorð um að þessar dælar henti til vingerðar og í aðra matvælavinnslu.

## Formáli

Á öllum rafmagnsdælum frá ROVER sem framleiddar eru til að flytja vökva er ábyrgð, bæði á vinnslu dælunnar sjálfar sem og efninu sem notað er til að framleiða hana, þegar meðfylgjandi reglum um notkun og viðhald er fylgt.

Dælurnar eru mjög áreiðanlegar, auðvelt er að þrifa þær og þær uppfylla þarfir sem skapast þegar aðstæður til hellingar eru erfiðar. Þær má nota við flestar þær aðstæður þar sem ekki er þörf á sérstaklega sýrþolnum dælum. Þar sem þær þola flestar gerðir vökva í skamman tíma má einnig nota þær sem neyðardælar. Það sem gerir ROVER dælurnar sérstakar miðað við aðrar dælar á markaðnum í dag er rafmagnsrofinn. Hann er þannig úr garði gerður að hægt er að breyta snúningsátt dælunnar réttisælis og rangsælis.

Öllum vörum fylgir almenn tveggja ára ábyrgð sem tekur gildi við afhendingu vörunnar.

## Forskoðun

Rafmagnsdælan er afhent tilbúin til notkunar í sterkum pappakassa og henni fylgir leiðbeiningabæklingur. Takið dæluna úr umbúðunum og skoðið hana vandlega. Hafið samband við söluaðila ef vart verður við galla eða skemmd á dælunni.

## Aðvörun

Ef þú efast um að varan sé örugg í notkun skalt þú ekki nota hana.

## Smurningur

Allir hreyfanlegir hlutar dælunnar eru smurðir í verksmiðjunni við samsetningu hennar. Ekki smyrja eða olíubera þessa hluta þar sem það getur valdið skemmdum og tjóni.



## Tækniupplýsingar

Þetta eru sígildar tveggja átta dælar með með þéttihring og stjörnuskrúfu. Þær hafa góða sjálfsofs eiginleika, jafnvel þó loft- eða gasbólur komist í sogslönguna.

Dælurnar henta vel til að flytja vökva eins og vín, edik, mjólk, ferskvatn, saltvatn, lífræn leysiefni, fljótandi áburð olíur og fleira, með þéttni allt að 4°Engler. Vökvinn sem fluttur er þarf að vera tær og hlutlaus. Það er í lagi að vökvinn innihaldi líftíð hlutfall agna (hámark 0.2 - 0.5%), ef agnirnar eru ekki til þess fallnar að rispa eða tæra innra yfirborð dælunnar. Setja þarf fína síu á sogslönguna ef vökvinn inniheldur mikið magn óhreininda.

## AÐVÖRUN

Dælan hentar ekki fyrir sterkar sýrur, bensín eða sterk leysiefni.

## Gæða- og öryggisstaðlar

Framleiðandi: ROVER POMPE Snc, Via dell'Artigiano, 4 Z.A. 35020 Polverara (Padua) Ítalía.

ROVER POMPE Snc lýsir hér með yfir að allar rafmagnsdælar framleiddar í verksmiðu fyrirtækisins í Polverara á Ítalíu standast eftirfarandi öryggisstaðla fyrir rafmagnstæki: 60335-1 / 60335-2, B.T2006/95/CEE, 98/37/CEE, 2006/42/CE, in 93/68/CEE, 2000/14/CE

Að auki uppfylla allar dælar af gerðum BE-M 20, 25,30 OG 40 IMQ öryggisstaðla sem gefnir eru út af THE ITALIAN INSTITUTE OF QUALITY CERTIFICATES ([www.img.it](http://www.img.it)), E, Chiarello, endurbættann og uppfærðann 2012.

## Notkun og eftirlit

Þessar dælar eru hannaðar og framleiddar bæði til heimilis- og iðnaðarnota. Þó eru hættur fyrir hendi. Dælurnar eru ekki hannaðar til notkunar af einstaklingum (þar með talið börnum) með skerta líkamlega, eða andlega getu, eða einstaklinga sem hafa ekki þekkingu á þessari gerð tækja, nema viðkomandi hljóti kennslu og/eða þjálfun í notkun þeirra. Gangið ávallt úr skugga um að börn geti ekki leikið sér að dælunum. Þessar dælar henta ekki þar sem mikil tæringar eða sprengihætta er til staðar vegna ryks, uppgufunar eða af völdum gastegunda.


Þegar dælurnar eru settar upp í heitu og röku loftslagi þarf að finna þeim þurran, svalann stað.

Dælurnar valda ekki truflunum á útvarps eða örbylgjum. Dælumótorinn er gerður fyrir stöðuga keyrslu.

## Start búnaður

Allar raftengingar hafa verið settar saman í tengiboxi ofan á dælunni. Boxið er úr fjölþættu polymer efni og því ágætlega höggþolið.

Start rofinn auðveldar notandanum að velja snúningsátt mótorsins, og því er auðvelt að tengja sog og dæluslöngur eftir því hvor snúningsáttin hentar í hvert skipti.



**Staða 0:** Hvíldarstaða - slökkt á dælu.

**Staða >:** Dæla snýst réttssælis.

**Staða <:** Dæla snýst rangsælis.

Það skapar enga hættu að þrýsta á rofann, jafnvel þó snúningsátt sé breytt meðan dæla er í gangi (á ekki við um gerðir BE-M 50/BE-T 50, NOVAX 50M/NOVAX 50T).

Allir rafmagnshlutir sem notaðir eru við framleiðslu á dælunum eru með alþjóðlegar vottanir sem tryggja gæði og endingu.

**Mikilvægt:** Ekki snerta rofann ef hendur þínar eru blautar eða mjög sveittar, það gæti valdið raflosti.

Dælurnar má aðeins nota við yfirborðsflutning efnis, ekki má setja þær í vökvann sem verið er að flytja.

Ef dælan stöðvar skyndilega í vinnslu, takið hana þá úr sambandi áður en leitað er að orsök stöðvunarinnar.

## Val á rafmagnskapli

Staðlaðar eins fasa AC dælar eru útbúnar H05 RN-F rafmagnskapli með dropavarinni Schuko kló. Bæði kapallinn og klóin eru með <HAR> og IMQ öryggisvottorðum sem tryggja gæði, endingu og öryggi þessara íhluta.

Staðlaðar þriggja fasa AC dælar eru útbúnar fjórföldum H05 RN-F kapli. Kapallinn er með <HAR> og IMQ öryggisvottorðum sem tryggja gæði, endingu og öryggi kapalsins.



**Af hverju Schuko kló með dropavörn?** Í dag er þetta sú kló á markaðnum sem veitir mest öryggi gagnvart raflostum. Að auki býr hún yfir mikilvægum eiginleika. Ef klóin á myndinni er skoðuð sést að aðeins er hægt að snúa klónni á einn veg í innstungu, það tryggir að ef skammhlaup verður vegna yfirálags á dælnni rýfur hún strauminn.

**AÐVÖRUN:** Það er bæði rangt og hættulegt að klippa sundur rafmagnskapallinn á dælunum. Ef lengja þarf kapallinn notið þá viðeigandi H05 RN-F merktá framlengingu með amk 1.5mm þræði (IMQ vottaða eða sambærilegt). Að skera sundur kapal og/eða skipta um kló fellir sjálfkrafa niður ábyrgð framleiðanda á dælnni.

Gangið úr skugga um að rafmagnskapallinn sé heill og í góðu ásigkomulagi áður en dæla er sett af stað. Ef skemmdir eru sjáanlegar á kaplinum gerið þá viðeigandi ráðstafanir.

Nota þarf sérstök verkfæri til að skipta um rafmagnskapal á ROVER dælum. Þau verkfæri er eingöngu hægt að nálgast hjá ROVER POMPE eða í gegnum umboðsaðila þeirra.

## Rafmagnstengingar

Dælurnar eru afhentar tilbúnað til notkunar.

### Dælur með eins fasa mótör

Rafmótörarnir í eins fasa dælunum eru varðir gegn yfirálagi með straummæli og útsláttarrofa sem er hluti af startbúnaði dælunnar. Þegar þess er þörf slekkur útsláttarrofinn á dælunni þar til mótörinn hefur náð að kæla sig niður, þegar því er náð fer dælan sjálfkrafa af stað aftur.

**AÐVÖRUN:** Ef útsláttarrofinn slær dælunni endurtekið inn og út getur verið nauðsynlegt að slökkva á henni og taka úr sambandi þar sem þetta þýðir að dælan var að vinna á yfirálagi. Ef yfirálagið skapaðist vegna bilunar í dælunni þarf að kalla til fagmann til að yfirfara tengingar.

### Dælur með þriggja fasa mótör

Notandi verður að tryggja öryggi þriggja fasa mótors með réttum tenglum og hlífðarpanel.

**AÐVÖRUN:** Vinnu við rafkerfi og uppsetning dælu þarf að framkvæma af fagmanni og í samræmi við þá öryggisstaðla sem í gildi eru.

Málsetningar og tengingar þurfa að vera í samræmi við þær upplýsingar sem eru til staðar á upplýsingaspjaldi dælunnar.

**ATH.** Uppsetning dælunnar getur verið flókin. Nauðsynlegt er að sá sem vinnur við/notar dæluna sé meðvitaður um þá staðla sem eru í gildi.

### Gangsetning og sjálfsgö

Stillið dælunni upp lárétt á stömu undirlagi, fjarni hitagjöfum og eldfimnum efnum. Dælan verður að vera stöðug og má aðeins hvíla á eigin fótum.

Ekki stinga dælunni strax í samband.

Ef dæluhúsið er tóm þarf að fylla það með vökva áður en dælan er gangsett til að auðvelda sög.

Þegar dælan er fyllt verður að nota til þess slöngutengið sem á að nota fyrir sög.

Tengið slöngur á slöngutengin og festið þær tryggilega með hosuklemmum.

Gangið úr skugga um að startrofi sé stilltur á "0", stingið svo dælunni í samband og kveikið á henni með að snúa startrofa til hægri eða vinstri eftir því hvora snúningsáttina á að nota.

Þegar dæla er komin af stað dregur hún sjálfkrafa upp vökva, ef sög er ekki hafið innan 30 sek. Þarf að slökkva á dælunni og taka hana úr sambandi. Gangið úr skugga um að slöngur sé þéttar á slöngustútunum og vel festar með hosuklemmunum og að slangan sé heil og óskemmd. Verið viss um að rétt átt hafi verið valin.

**Aðvör:** Gangið úr skugga um að hosuklemmurnar séu úr gæðadflokki sem tryggir góða þéttingu og endingu. Lélegar klemmur geta valdið leka eða því að slangan detti af slöngutenginu. Þetta getur valdið skemmdum á dælunni, umhverfinu og þeim einstaklingum sem eru staddir nálægt.

**Aðvör:** Ef vökvi sullast á dæluna við áfyllingu, þarf að þurrka hann strax af með þurrum klút áður en dælunni er stungið í samband.

**ATH.** Þegar slöngur eru valdar þarf að hafa í huga magn og gerð vökvans ssem á að flytja. Venjulegar slöngur má nota fyrir vökva sem eru ekki tili neyslu, en ef flytja á vökva til neyslu þarf að nota matvælavíðurkenndar slöngur.

Slangan sem er notuð til sögs þarf að vera með styrktarspóral. Þetta er svo að slangan falli ekki saman þegar sög hefst, en það veður truflun á sögi og skemmdum á dælu.

Nauðsynlegt er að setja einstefnuloka á lausa enda sögslöngunnar þegar dælan stendur 3m eða meira ofan við ílátið sem dælt er úr og einnig þegar vökvi er fluttur í langan tíma. Gangið úr skugga um að ekki komist loft í söglögninga.

ATH. Mikilvægt er að dælan sé staðsett eins nálægt vökvunum og mögulegt er meðan á dælingu stendur. Notið ekki dæluna þegar enginn vökv er í dæluhúsinu. Hiti utan á dælumótor má vera allt að 45°C við vengjulegar aðstæður. Þó að þessi hiti sé ekki hætulegur getur hann valdið óþægindum við snertingu.

ADVÖRUN: Dælan verður alltaf að standa lárétt. Ekki hreyfa dæluna meðan hún er að vinna.

Slökkvið á dælunni þegar dælingu er lokið. Þetta stöðvar flæði vökvans en kemur í veg fyrir að dæluhúsið tæmist og þegar hefja þarf dælingu aftur er hægt að kveikja á dælunni án þess að fylla á húsið.

Gangið úr skugga um að lokað sé fyrir framhjálupsloka við áfyllingu svo að dælan tæmi sig ekki jafnóðum meðan á áfyllingu stendur.

ADVÖRUN: Kippur getur komið á sog- og dæluslóngur þegar dæling hefst vegna snöggs þrýstings. Komið í veg fyrir að þetta gerist.

ADVÖRUN: Gætið þess að grindin á kæliviftunni sé ekki hulin þar sem það getur valdið ofhitnun.

Þegar dælingu er lokið og áður en dæla er sett í geymslu þarf að:

Skola dæluna að innan með hreinu vatni eða sambærilegum vökva.

Taka dæluna úr sambandi.

Bíða þess að mótorinn nái að kæla sig niður í herbergishita.

Fjarlægja slóngur af slöngutengjum.

Tæma dæluna með því að snúa henni á hvolf.

Hylja dæluna meðan hún er í geymslu til að koma í veg fyrir að ryk safnist á hana. Þetta má gera með plastfilmu eða pappa.

ATH. Áður en ný dæla er sett upp, eða ef dælan hefur ekki verið notuð í langan tíma, gangið úr skugga um að driföxull snúist auðveldlega, þetta kemur í veg fyrir að skrufan eða þéttin á öxlinum læsist. Ef öxullinn snýst ekki auðveldlega, opnið þá drifhúsið og losið öxulinn með því að snúa honum í báðar áttir með höndum.

## Viðhald

Dælan þarfnast ekki viðhalds við venjulega vinnslu. Ef taka þarf dæluna í sundur má það aðeins framkvæmast af einstaklingum sem hafa til að bera þekkingu á dæluinni og þeim stöðlum sem þarf að fylgja. Nauðsynlegt er að taka dæluna úr sambandi áður en hafist er handa við viðgerðir eða viðhald á dæluinni.

## Breytingar og varahlutir

Allar breytingar sem gerðar eru á dæluinni án leyfis framleiðanda fella niður ábyrgð hans á dæluinni. Allir varahlutir sem notaðir til viðgerað á dæluinni verða að vera original ROVER varahlutir, og allir aukahlutir samþykktir af framleiðandanum til að tryggja hámarks öryggi dæluinnar og kerfisins sem hún er tengd við.

## Flutingur

Notið alltaf þau tæki og tól sem þarf til að flytja dæluna (handföng, festingar eða vagna), og gangið úr skugga um að dælan sé tryggilega fest.

## Þrif og viðhald

Þegar dælan hefur verið notuð til að flytja óhreina eða ætandi vökva verður hún að fá að ganga í nokkrar mínútur við dælingu á hreinu vatni til að hreinsa kerfið. Notið þurrar klút til að hreinsa ytra yfirborð dæluinnar. Verjið dæluna gegn raka við geymslu, sérstaklega rafmótorinn.



Tæmið allan vökva úr dæluhúsinu ef hætta er á að umhverfshiti fari niður fyrir 4°C. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að frostskenmdir verði innan í dælunni. Ekki henda þessum bæklingi að lestri loknum, geymið hann á vísu stað.



### Rafmagnsdælu með framhjálpaupsloka

Framhjálpaupslokinn er handvirk stýring sem gerir kleyft að breyta afköstum dælnnar frá fullum niður í hálf. Nauðsynlegt er að setja framhjálpaupslokann við í verksmiðjunni og ekki er hægt að fá hann seinna sem aukahlut. Stillingin er framkvæmd með eftirfarandi hætti: Ef stöngin er færð lengst til vinstri er dæljgetan í algjöru hámarki, ef stöngin er færð til hægri minnkar dæljgetan um helming. Framhjálpaupslokinn þarf að vera lokaður við áfyllingu dælnnar.



### Skammtarar

Skammtarar eru afgreiddir samsettir með 5 metra slöngu og byssu. Gangsetning og áfylling eru eins og á rafmagnsdælum. Sogslangan verður að vera tengd við slöngutengið á rafmagnsdælunni. Byssan fylgir með skammtaranum eftir óskum viðskiptavinarins. Stál og plast gerðirnar eru handvirkar, þe notandinn verður að stöðva flæðið. Sjálfvirka byssan stöðvar flæðið sjálfkrafa, sem þýðir að þegar ílátíð er fullt slekkur byssan sjálfkrafa á sér. Það er samt sem áður nauðsynlegt að hafa stjórnanda til að ganga í skugga um að kerfið gangi rétt.

Aðvörun: Þegar byssan slær út stöðvast aðeins flæðið, dælan sjálf heldur áfram að vinna. Slökkvið á dælunni innan 2-3 mínútna ef dælingu er lokið.



### Dæla með reindrifi

Áfylling er framkvæmd með sama hætti og á rafdrifinni dælu. Notið V-reim til að tengja milli dælu og mótors, athugið að einungis er leyfilegt að hafa 2,55g/1sn/mín. við dæluöxul. Aðvörun: vörn á mótór við reindrifna dælu er á ábyrgð og kostnað notanda.

### **Tækniupplýsingar:**

Aflnotkun: Upplýsingar um aflnotkun er að finna á upplýsingaplötu dællunnar.

Geymsluhitastig: -10/+40°C.

Rakastig meðan dælan er í notkun: Hámark 95%.

Hljóðstyrkur við mesta kraft: Hljóðstyrkur er innan þeirra marka sem reglugerð EC89/392/CEE og viðaukar við hana leyfa (<70dB).

Lágmarks umhverfshiti: +4°C.

Hámarks umhverfshiti: +40°C.

Hámarks hiti vökva sem dælt er: +35°C.

Hámarks soghæð: -4m án botnloka, -9m með botnloka.

Hámarks vinnuþrýstingur frá dælu: 1,5 - 2 BAR, mismunandi eftir dælugerð.

Leyfðar spennubreytingar: 5%.

### **Öryggi á rafmagnsvörum:**

Sala og ísetning öruggar vöru er snýst um faglegan metnað og ábyrgð gagnvart viðskiptavininum.

Heildsalar og þeir sem sjá um uppsetningu geta ekki gengið sjálfir úr skugga um um öryggi vöru þar sem það væri of flókið og dýrt ferli. En hvað geta þeir gert til að verja sig gegn tjóni?.

Einbeitt sér að áreiðanleika og alvöru framleiðanda og staðist þá freistingu að kaupa ódýrari vöru af óvissum uppruna. Ekki treysta eingöngu á CE merkingu þar sem hún er á ábyrgð framleiðandans og því aðeins jafn örugg og hann.

Þess vegna er mikilvægt að leita eftir öryggisstimplum eins og IMQ ([www.imq.it](http://www.imq.it))

Á rafmagnsvörum tryggja þess háttar öryggismerkingar eftirfarandi:

Varan hefur verið prófuð af til þess hæfum óháðum aðila og vottuð standast allar öryggiskröfur sem til hennar eru gerðar áður en hún var sett á markað. Fylgst er reglulega með vinnsluferlinu.

Vottunaraðilinn skoðar vöruna reglulega til að staðfesta að gæðastaðallinn sé óbreyttur. Öryggismerkingin er helsta hjálpartæki viðskiptavina við að velja örugga, trausta vöru við fyrstu sýn. Að auki auðveldar öryggismerkingin heildsölum og notendum að velja milli öruggar vöru og lággæða vöru og hjálpar honum þarinnig að vinna traust viðskiptavina.



Dælar frá ROVER POMPE hafa borið IQM vottun frá 1996, en það sýnir þann metnað sem fyrirtækið hefur til að tryggja öryggi vörunnar.

Söluaðilar og þeir sem sjá um uppsetningu bera lagalega ábyrgð á sinni vinnu og þurfa þess vegna að geta treyst því að varan sem þeir eru með í höndunum uppfylli þær kröfur og öryggisstaðla sem lög gera ráð fyrir.

Kaup á vottaðri rafmagnsvöru er öruggasta leiðin til að sanna að allar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja öryggi. Öryggismerkingin sýnir að óháður aðili hefur yfirfarið vöruna áður en hún var sett á markað. Merkingin kemur frá þriðja aðila en ekki frá framleiðandanum sjálfum.

Öryggismerkingin þýðir að frumgerðir eru prófaðar og gæðaeftirlit með framleiðslunni er gott.

Sala og uppsetning vottaðrar vöru tryggir fagmennsku. Þeir sem nota vottaða vöru ábyrgjast bæði eigið öryggi og samstarfsmanna.

### **CE merking**

CE merkingin er yfirlýsing framleiðandans um að varan uppfylli allar lagakröfur Evrópusambandsins sem við eiga. Þessi emrking er til að fyllvissa yfirvöld um að varan uppfylli evrópska öryggisstaðla á hverjum tíma.

CE merkingin kemur ekki í stað IMQ öryggissvottunar sem er vottuð af til þess hæfum, óháðum þriðja aðila.

Það er lagaskylda að CE merkja vörur. Framleiðandinn sér um merkinguna og ekki er haft eftirlit með merkingunni. Allar vörur sem eru seldar í Evrópu þurfa að bera þetta merki.

### **IMQ merking**

Framleiðandi ræður því sjálfur hvort sóst er eftir IMQ vottun. Hún er gefin út af óháðum aðila og er því trygging fyrir neytandann. Hún er viðurkennd og notuð í öllum iðnríkjum.

IMQ merkingin er fyrirbyggjandi. Hún er aðeins gefin út fyrir vörur sem sannanlega standast tæknilegar kröfur áður en þær eru

markaðssettar. Framleiðslan og varan eru skoðuð. Þetta verndar framleiðendur og seljendur þegar kemur að skaðabótaábyrgð á vörunni.

IMQ merkingin fylgir nákvæmum reglum og gerir kröfur um að varan uppfylli ítrustu öryggisstaðla.

Þetta er merking sem framleiðandi getur valið hvort á að sækja um.

Merktar vörur eru undir eftirliti vottunarstofnunar og verða að uppfylla þá gæða- og öryggisstaðla sem settir voru til viðmiðunar í upphafi.

### **Falsaðar vottanir**

Ef vafi er um hvort vara er í raun IMQ vottuð má ganga úr skugga um það á heimasíðunni [www.imq.it](http://www.imq.it), en þar er að finna lista yfir fyrirtæki og vörur sem bera þessa vottun.

## Um IMQ merkingar á ROVER dælum

IMQ merking: Notuð á búnað og íhluti og vottar að rafmagnsvörur standist þá staðla sem settir eru af CEI og EN staðlaráðum.  
<HAR> merking; staðfestir að kaplar og snúur standist samræmda evrópska staðla.

ROVER POMPE byggir orðspor sitt sem fyrirtækis sem framleiðir endingargóðar og öruggar dælar á nokkrum ólíkum atriðum. Þar á meðal stöðugar rannsóknarvinnu sem fyrirtækið gerir til að bæta gæði þeirra efna sem eru notuð og vöruhönnunar. Þetta hefur skilað ROVER POMPE alþjóðlegri viðurkenningu og trausti viðskiptavina í mörgum löndum. Vegna þessa mun ROVER halda áfram að leita leiða til að tryggja öryggi og endingu þeirra vara sem það framleiðir.

## Að finna og leysa vandamál


Dælnar þurfa ekkert sérstakt viðhald. Samt geta komið upp vandamál við reglubundna notkun. Hér eru þau helstu:

Vandamál	Líklegr skýring	Lausn
• Mótörinn fer ekki af stað	<ul style="list-style-type: none"><li>• Rafmagnsleysi, mótör ekki tengdur</li><li>• Vituspaði/kælivita föst</li><li>• Þéttir er ónýtur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Setjið mótörinn í samband</li><li>• Athugið öryggisbúnað á rafkerfi (öryggi, útsláttarrofa...)</li><li>• Fjarlægjið mótörhlíf og hreinsið vituspaðann, mótörhlíf getur verið skemmd</li><li>• Skiptið um þétti</li></ul>
• Mótörinn gengur en dælir ekki	<ul style="list-style-type: none"><li>• Loft í soglögninni</li><li>• Röng snúningsátt</li><li>• Lyftihæð er of mikil</li><li>• Botnloki er stíflaður</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Gangið úr skugga um að klemmur séu nógu þétt á og að endi sogslöngunnar sé allur á kafi í vökva</li><li>• Notið rofann til að skipta um snúningsátt</li><li>• Færið dæluna nær vökvanum</li><li>• Hreinsið lokann eða skiptið um loka</li></ul>
• Dæling er óviðunandi	<ul style="list-style-type: none"><li>• Stífla í lokanum eða sogslöngunni</li><li>• Óhreinindi í skrófu</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hreinsið eða skiptið út stíflaða hlutanum</li><li>• Opnið dæluna og hreinsið dæluhjólíð</li></ul>
• Mótör slær út	<ul style="list-style-type: none"><li>• Mótörinn yfirhitnar</li><li>• Mótörvita stífluð</li><li>• Bilun í rafmótör</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Athugið að loftkælikerfið virki rétt</li><li>• Rafspenna á mótör er meiri en gefin er upp</li><li>• Ónóg loftraesting</li><li>• Fjarlægjið mótörhlíf og hreinsið vituspaðann</li><li>• Hafðið samband við viðurkennda viðgerðarþjónustu</li></ul>

**EMISSIONI SONORE ELETTROPOMPE  
NOISE EMISSION LEVEL**



BE-M 10 NOVAX 10 = db 68  
 BE-M 20 NOVAX 20 = db 69  
 BE-M 25 NOVAX 25 = db 78  
 BE-M 30 NOVAX 30 = db 78  
 BE-M 40 NOVAX 40 = db 79  
 BE-M 50 NOVAX 50 = db 79  
 COLOMBO PULCINO = db 68



**POMPA SMONTATA – I COMPONENTI  
INTERNI SONO IN METALLO  
OPEN PUMP – THE IMPELLER IS  
MADE WITH METAL**

**GUIDA VELOCE PER TRAVASARE  
WORKING QUICK TIPS**



POSIZIONARE LA POMPA  
 ORIZZONTALE, RIEMPIRE LA  
 POMPA, COLLEGARE I TUBI E  
 STRINGERLI AI PORTAGOMMA  
 CON FASCETTE. USARE  
 PREFERIBILMENTE TUBI IN  
 GOMMA CON SPIRALE INTERNA  
 IN ACCIAIO.

**ETICHETTA DATI ELETTRICI  
ELECTRIC DATA LABEL**

LE CARATTERISTICHE TECNICHE E L'ELENCO DEI RICAMBI SONO  
 PRESENTI NEL CATALOGO PRODOTTI CHE TROVATE NELLA  
 CONFEZIONE – CODICE DEPLIANT 010043

TECHNICAL FEATURES AND SPARE PART LIST ARE AVAILABLE ON  
 THE PRODUCT CATALOGUE – CODE 010043

<b>R</b>		<b>BE - M 20</b>		CONTINUOUS DUTY SERVIZIO CONTINUO	
ROVER POMPE		Code: 300000		CE	
V ...	230 a.c.	LEGGERE LE ISTRUZIONI PRIMA DELL'USO READ INSTRUCTIONS BEFORE START		LWA 69 dB	
A ...	1.5	IP X4		ROVER	
HP ...	0.5	Q min-max 5-28 L / min.		H min-max 1-22 m	
W ...	340 - cl.F	r.p.m... 2.850 / min.		Max Water temp.: 35°C	
Hz ...	50	10 - 400V		ROVER POMPE	
µF ...				33020 Padova - PADOVA - Italy	
				81032706070331	

**PUT THE PUMP HORIZONTALLY, FILL THE BODY AND CLAMP THE  
HOSES. USE RUBBER HOSES WITH METAL SPRING.**

**BY-PASS**

**LEGGERE LE ISTRUZIONI PER L'USO  
READ INSTRUCTIONS**

